

# Flokkun áhættuþátta

Áhættuþættir eru settir í fimm áhættuflokka:

1. Skuldbindingaáhætta
2. Lausafjáraáhætta
3. Mótaðilaáhætta
4. Markaðsáhætta
5. Rekstraráhætta

Í hverjum flokki eru taldir upp þekktir áhættuþættir en samtals hefur starfshópurinn skilgreint 26 áhættuþætti í rekstri lífeyrissjóða sem stuttlega er gerð grein fyrir.

## 1. Skuldbindingaáhætta

### Skerðingaráhætta

Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Samkvæmt 39. gr. laga um lífeyrissjóði skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

### Iðgjaldaáhætta

Hættan sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum. Meta þarf nýliðun í sjóðum og fylgjast með launaþróun og atvinnustigi til að meta iðgjaldaáhættu. Snörp lækkun á iðgjöldum getur haft áhrif á framreikning og leitt til þess að sjóðir uppfylli ekki lagaskilyrði um jafnvægi eigna og skuldbindinga og þurfi þ.a.l. að skerða réttindi óháð eignastöðu.

### Kreppuáhætta

Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þ. á m. félagslegar og hagrænar breytingar, auki lífeyrisbyrði sjóðsins. Langvarandi atvinnuleysi eykur til að mynda líkur á örorku, sem hefur áhrif á lýðfræðilega áhættu. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, þ.e. hættan á að almennir erfiðleikar í lífeyriskerfinu eða erfiðleikar hjá öðrum lífeyrissjóðum hafi neikvæð áhrif á starfsemi sjóðsins.

## Lýðfræðileg áhætta

Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Skv. 14. til 17. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um lífeyrissjóði ber tryggingafræðingum að meta lífs- og örorkulíkur og líkur á að sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn. Aukist líkurnar vaxa skuldbindingar sjóðanna.

Undanfarna tvo áratugi hafa skuldbindingar sjóðanna vaxið verulega með auknu langlífi og vaxandi örorkutiðni. Í Grænbók ESB um lífeyrismál, „Green Paper - towards adequate, sustainable and safe European pension systems - COM(2010) 365/3“, er m.a. komið inn á áhrif hækkanandi lífaldurs á lífeyrissjóði. Í kafla 3.2 er m.a. fjallað um það með hvaða hætti megi ná jafnvægi milli þess tíma sem varið er á vinnumarkaði annars vegar og á eftirlaunaárum hins vegar. Nefnt er að ein leið sé að láta eftirlaunaaldur breytast sjálfkrafa í takt við hækkanandi lífaldur. Samhliða slíkri leið þyrfti að líta til aðgerða til að brúa kynslóðabil og að auðvelda eldra fólki þátttöku á vinnumarkaði.

Aukin örorka og uppgerðarörorka getur að sama skapi haft alvarlega afleiðingar og starfsþópurinn bendir á að þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til verði að fylgja eftir af festu til að takmarka þessa áhættu.

## Pólítísk áhætta

Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, upp-gjörreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv.

Undir þessa áhættu flokkast yfirleitt einnig tjón sem kann að verða vegna þrýstings frá stjórnvöldum, félagasamtökum, þrýstihópum eða öðrum aðilum sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemina – t.d. orðspor hennar - eða dregið úr möguleikum sjóðsins á að haga sínum málum eftir eigin stefnu.

## 2. Lausafjáraáhætta

Hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur, t.d. að: 1) greiða lífeyri samkvæmt samþykktum, 2) gera upp verðbréfavíðskipti sem hann hefur stofnað til, eða 3) greiða fyrir rekstur á sjóðnum. Þá getur sjóðurinn orðið fyrir óvæntu útstreymi sem einnig getur haft áhrif.

Lífeyrissjóðum er skv. 3. mgr. 38. gr. heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi og draga úr lausafjáraáhættu, sem takmarkar þessa áhættu. Auk þess að hafa nægilegt laust fé til að standa straum af greiðslum getur sjóðurinn varðveitt fjármagn í auðseljanlegum eignum í sama tilgangi.

Lausafjáraáhætta skiptist í undirflokk:

### Seljanleikaáhætta

Hættan á að ekki takist að selja verðbréf eða innleysa fjármálagerninga á nógu skömmum tíma nema verulega undir matsvirði, sem þar með leiðir af sér tap.

### Útstreymisáhætta

Hættan á að eignir renni hraðar úr sjóðnum en ráð var fyrir gert. Útstreymisáhætta er tvenns konar.

Hættan á að rétthafar í lífeyrissjóði hefji töku lífeyris fyrr en aldurssamsetning deildarinnar gefur til kynna. Þessari áhættuþarf að gefa sérstakan gaum í séreignardeildum, því að skv. 11.

gr. nógildandi laga getur réttthafi fengið alla séreignina greidda út við 60 ára aldur og verði réttthafi 100% öryrki á hann rétt á að fá lífeyrissparnaðinn út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Þá kunna breytingar á lögum um greiðslur úr séreignardeildum að auka þessa áhættu umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, eins og gerðist þegar 11. gr. var breytt þann 29. desember 2008 með lögum nr. 171/2008. Þörfin fyrir laust fé getur því orðið meiri en reiknað hefur verið með við „eðlilegar“ aðstæður.

Hættan á að réttthafar í séreign flytji réttindi á milli séreignaleiða, ýmist innan séreignardeildar eða á milli vörsluaðila séreignarsparnaðar. Lífeyrissjóðir hafa tvo mánuði til að bregðast við slíkum flutningsbeiðnum skv. 9. gr. laga um lífeyrissjóði, sem takmarkar þessa áhættu. Ekkert ákvæði er í lögum um lífeyrissjóði sem heimilar þeim að taka sér lengri frest en tvo mánuði til að flytja réttindi, en slíkt ákvæði gæti verið til bóta til að gæta hagsmuna allra sjóðfélaga við sérstakar aðstæður. Mætti þá horfa til þess að skv. 27. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði er rekstrarfélagi heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Þá getur Fjármálaeftirlitið skv. sömu grein krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess. Fjölmörg dæmi eru um að slíkt hafi verið gert eftir fall bankana hjá verðbréfasjóðum.

### 3. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

#### Skuldaraáhætta

Hættan á greiðslufalli tiltekins skuldara og tapi sem af því getur orðið. Skuldaraáhætta er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu. Skuldaraáhætta tengd sjóðfélagalánum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleyfi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar skuldaraáhættu, svo dæmi sé tekið af greiningu á útlánaáhættu. Eitt afbrigði skuldaraáhættu er að mótaðili, t.d. afleiðusamnings, standi ekki við samning á uppgjörstegi. Þetta getur valdið skaða og kostnaði ef uppgjör tefst mikið. Skuldaraáhætta felst annars vegar í líkunum á greiðslufalli og hins vegar í áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

#### Samþjöppunaráhætta

Hættan á of lítilli dreifingu mótaðila lífeyrissjóðs. Til dæmis getur verið að lífeyrissjóður kaupi talsvert magn skuldabréfa og hlutabréfa sama aðila eða tengdra aðila. Samkvæmt 5. mgr. 36. gr. l. nr. 129/1997 má samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutfé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánum sama banka eða sparisjóðs. Allir þessir þættir takmarka samþjöppunaráhættu en koma ekki í veg fyrir að lífeyrissjóðir geti verið með mikla mótaðilaáhættu á einn útgefanda, eina atvinnugrein eða landsvæði. Samkvæmt 1-lið 5. gr. reglugerðar nr. 916/2009 eiga lífeyrissjóðir að setja sér markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns, sem er dæmi um hvernig er hægt að takmarka samþjöppun útgefanda úr einni atvinnugrein. Þessi ákvæði eru þó tiltölulega rúm og nauðsynlegt er að sjóðir hugi að þessari áhættu, þótt hún sé innan ramma laganna.

#### Landsáhætta

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðs séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Í sumum tilvikum er landsáhættu ruglað saman við pólitíska áhættu, en landsáhætta er viðtækari og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði. Gjaldeyrisstefna, hagvöxtur, ríkisfjármál og líkur á átökum á atvinnuörkuðum, borgarastríði eða stríði á milli nærliggjandi landa eru dæmi um þætti sem hafa áhrif á landsáhættu. Stjórn málaástand spilar þar stóran þátt, en er hluti af viðtækara mati. Skattalegt umhverfi og samkeppnislöggjöf eru einnig þættir sem horft er til, ásamt almennu lagaumhverfi og verndun eignarréttar, en þjóðnýting eigna getur haft veruleg áhrif á eignaverð. Fjölmörg matsfyrirtæki bjóða upp á landsáhættumat og birta reglulega lista yfir lönd sem raðað er upp eftir áhættu. Ísland hefur af ýmsum ástæðum fallið hratt niður á slíkum listum, sem vekur að mati Starfshópsins spurningar um 6. mgr. 36. gr. sem segir að lífeyrissjóður skuli takmarka gjaldeyrisáhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins. Ein stærsta spurningin sem svara verður í þessu efni er hversu mikið íslenskir lífeyrissjóðir eiga að fjárfesta á Íslandi, sem eðli máls samkvæmt er lítið, einhæft og sveiflukennt. Í þessu efni má m.a. minna á að Olúsjóði Norðmanna er óheimilt að fjárfesta í Noregi.

### Afhendingaráhætta

Afhendingaráhætta er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Slík áhætta getur skapast þegar varsla verðbréfa er hjá 3ja aðila og getur í sumum tilfellum leitt til tjóns.

## 4. Markaðsáhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi vegna verðbreytinga á fjármálagerningum, sem skráðir eru á markaði eða hafa beina tengingu við skráð markaðsbréf. Þar á meðal eru breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

### Vaxtaáhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Vaxtaáhættu er unnt að mæla með meðallíftímaaðferð (e. duration based method). Erlendis eru í boði ýmiss konar afleiður til að verjast vaxtaáhættu en sambærilegar afleiður hafa ekki verið í boði hér á landi.

### Uppgreiðsluáhætta

Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga“. Við núvirðingu verðbréfa með ákvæði um breytilega vexti skal miðað við að bréfin beri vexti sem eru 1,5% lægri en vextir bréfanna á uppgjörstegi, þó aldrei lægri en lágmarksvextir samkvæmt ákvæðum þeirra né lægri en 3,5% ef vextir bréfanna eru hærri en 3,5% á uppgjörstegi eða lægri en vextir bréfanna eru á uppgjörstegi ef vextir þeirra eru þá 3,5% eða lægri.

### Verðbreytingaáhætta

Hætta á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði á markaðsáhættu slíkra verðbréfa er jafnan flókt ávöxtunar verðbréfa, reiknað sem frávik ávöxtunar með fjármálatölfræðilegum aðferðum, annars vegar sem sögulegt flókt ávöxtunar og hins vegar áætlað flókt til framtíðar. Við notkun líkana verður að hafa í huga að flest þeirra ganga út frá normaldreifðri ávöxtun, sem ekki er raunin á fjármálamörkuðum.

### Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (stýring ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. skal lífeyrissjóður takmarka þessa áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins. Líta má svo á að sú krafa að eiga að lágmarki 50% eigna í krónum feli einnig í sér áhættu.

### Hætta á ósamræmi

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

### Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram 3,5% raunávöxtun óverðtryggðra eigna. Framboð verðtryggðra fjármálagerninga er minna en það sem til þyrfti að verðtryggja allar eignir á móti skuldbindingum. Við slíkar aðstæður myndast ósamræmi á milli verðtryggðra réttinda og óverðtryggðra eigna.

### Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Hættan á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Framvirkir gjaldmiðlasamningar sem ætlað er að draga úr gjaldeyrisáhættu og að draga úr misvægi á gjaldeyrissamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengi íslensku krónunnar eru ekki tilgreindir í efnahagsreikningi sjóðsins, eru m.ö.o. fyrir utan efnahag. Staða þeirra er þó tilgreind í skýringum og sumir sjóðir birta fjárhæðir samninga. Breytingar eru teknar í gegnum rekstrarreikning og geta valdið verulegum breytingum á ávöxtun eigna. Gæti því verið við hæfi að sýna í skýringum hvað 5% eða 10% breytingar hefðu í för með sér. Þá geta skuldbindingar utan efnahags tekið breytingum vegna gengisbreytinga og þannig haft áhrif á eignasamsetningu og áhættumat. Dæmi um skuldbindingar utan efnahags eru skuldbindandi samningar um greiðslur í framtakssjóði sem hafa heimild til að kalla eftir fé í samræmi við loforð á 3 til 4 ára fjárfestingatímabili. Fjárfestingarloforð í framtakssjóðum ætti því að tilgreina í skýringum.

## 5. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna taps sem stafar af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða.

### Starfsmannaáhætta

Almenn hættu á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Kerfisbundin þjálfun starfsmanna og afleysingarmanna eru dæmi um aðgerðir til að draga úr slíkri áhættu.

### Áhætta vegna svika

Hætta á svikum sem valda sjóðnum fjárhagslegu tjóni. T.d. gæti verið um svik starfsmanna eða peningþvætti að ræða. Aðskilnaður starfa og kerfislægar aðgangstýringar eru dæmigerð viðbrögð við mögulegri sviksemi, ásamt afstemmingum á reikningum og almennri eignatalningu.

### Áhætta vegna upplýsingatækni

Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem lífeyrissjóðir nota í daglegum rekstri þarf að standast kröfur staðla um upplýsingaöryggi og til

staðar þurfa að vera viðbúnaðaráætlanir sem tryggja áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi lífeyrissjóða verða óvirk.

### Orðsporsáhætta

Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðspor lífeyrissjóðs hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta er tengdar að því leyti, að ef lífeyrissjóður fær á sig slæmt orð getur það leitt til þess að iðgjöld dragast saman vegna lélegrar nýliðunar. Þá getur slæmt orðspor leitt til þess að réttahafar séreignar flytji réttindi sín til annara sjóða sem getur aukið lausafjár- og seljanleikaáhattu.

### Lagaleg áhætta

Undir þennan flokk falla brot á ákvæðum laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla, brot á samningum (samningsáhætta), ófullnægjandi samningsgerð (skjalaáhætta) og ófullnægjandi undirbúningur dómsmála. Þá má einnig nefna aðgerðir dómstóla og stjórnvalda, t.d. beitingu sekta eða að túlkun skilmála eða samþykktu verði á annan hátt en sjóðurinn gerir ráð fyrir. Nærtækt dæmi um slíka áhættu eru skilmálar lána með gjaldmiðlatengingu sem stóðust ekki lög og leiða mögulega til taps.

### Úrskurðaráhætta lífeyris

Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris sem er í ósamræmi við samþykktir lífeyrissjóðs getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykktu falið í sér áhættu, samanber nærtækt dæmi um tekjukönnun lífeyrissjóða sem nýverið var þó dæmd lögmat í Hæstarétti.

### Áhætta vegna úthýsingar

Oft er ákveðið að úthýsa tilteknum hluta starfseminnar. Ástæður úthýsingar kunna að vera margar, s.s. að sérþekking sé ekki til staðar eða að talið sé óhagkvæmt að koma henni upp innanhúss. Stundum er verkefni úthýst að hluta til að fá samanburð eða samkeppni við eigin starfsemi. Algengustu ástæður úthýsingar eru þó hagrænar, þ.e. að draga úr kostnaði. Úthýsingu fylgir ýmiss konar áhætta sem hafa þarf í huga, s.s.:

- minni yfirsýn,
- minni aðgangur að verkferlum og skipulagi,
- úthýsingaraðili uppfyllir ekki samninga,
- starfsmenn úthýsingaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn félagsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir það,
- hæfni starfsmanna úthýsingaraðila er ófullnægjandi,
- fjárhagsstaða úthýsingaraðila er ófullnægjandi,
- ekki er nægjanlegt eftirlit með starfsemi úthýsingaraðila og tók á slíku eftirliti eru takmörkuð,
- samningar taka ekki á gjaldþroti úthýsingaraðila,
- uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar úthýsingaraðili er ekki að standa sig,
- áætlanir um rekstrarsamfellu hafa ekki verið gerðar til að tryggja rekstrarsamfellu ef úthýsingaraðili stendur ekki við skuldbindingar sínar eða árangur hans er ófullnægjandi,
- áætlanir úthýsingaraðila um rekstrarsamfellu og viðbrögð við áföllum hafa ekki verið könnuð
- úthýsingaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar.

### Upplýsingaáhætta

Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóði skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fáir sjóðfélagar þessi yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónaábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki

gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um samsetningu séreignaleiða eða fjárfestingastefnu þeirra að valda sjóðum tjóni og ímyndarskaða.

